

Auðarskóli



Ábyrgð – Ánægja - Árangur

Sjálfsmat Auðarskóla 2011 – 2012 *Önnur áfangaskýrsla*

Próunarstjórn 2011 - 2012

Eyjólfur Sturlaugsson

Guðrún Kristinsdóttir

Freyja Ólafsdóttir

Herdís E. Gunnarsdóttir

Efnisyfirlit

1. Inngangur	03
2. Sjálfsmatið í Auðarskóla	04
2.1 Ástæður sjálfsmats	04
2.2 Aðferðafræði sjálfsmatsins	04
2.3 Viðmið um árangur	05
2.4 Sjálfsmatsáætlun Auðarskóla	06
2.5 Framkvæmdaáætlun 2011-2012	07
3. Niðurstöður matsþátta skólaárið 2011 – 2012	
3.1 Námskrá og skipulag skólastarfsins	08
3.2 Niðurstöður úr spurningalistum	08
3.2.1 Foreldrar barna í grunnskóla	08
3.2.2 Foreldrar barna í leikskóla	15
3.2.3 Starfsmenn Auðarskóla	22
3.3 SVÖT greining; framkvæmd og niðurstöður	30
4. Umbótaáætlanir frá vinnu 2010 – 2011	33
5. Ytra mat	36
5.1 Úttekt á innra mati í Auðarskóla	36
5.2 Greining úttektaraðila á matsþáttunum fjórum í heild	41
6. Skólaping	42
7. Lokaorð	43

1 Inngangur

Nú lítur dagsins ljós önnur áfangaskýrsla Auðarskóla um sjálfsmat í skólanum. Eins og í fyrri skýrslu er greint frá framkvæmd og niðurstöðum úr matsþáttum skólaársins. Þessi skýrsla er nokkuð frábrugðin þeirri fyrstu þar sem nú koma inn umbótaáætlanir annarsvegar og upplýsingar frá ytra mati, samræmdum könnunarprófum og skólaþingi hinsvegar.

Skýrslan er því í heild sinni efnismeiri og fjölbreyttari.

Einnig er hér í skýrslunni gerð grein fyrir sjálfsmatsáætlun skólans, forsendum matsins og þeirri aðferðarfræði og viðmiðum sem notuð voru við matið. Skýrslan er unnin af þróunarstjórn skólans á grunni upplýsingaöflunar af ýmsu tagi, umræðna starfsfólks og úr ytra mati.

Skýrslan er opinber og verður kynnt á starfsmannafundum í deildum skólans, í skólaráði og í fræðslunefnd sveitarfélagsins. Skýrslan verður höfð öllum aðgengileg á vefsíðu Auðarskóla.

Breyting varð á þróunarstjórn skólans milli skólaára. Skólaárið 2011 – 2012 var stjórnin skipuð þeim; Eyjólf Sturlaugssyni skólastjóra, Freyju Ólafsdóttur grunnskólakennara, Guðrúnu Kristinsdóttur deildarstjóra á leikskóla og Herdísi Ernu Gunnarsdóttur grunnskólakennara.

2 Sjálfsmatið í Auðarskóla

2.1 Ástæður sjálfsmats

Um sjálfsmat grunn- og leikskóla er kveðið á í lögum (lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um leikskóla nr. 90/2008). Samkvæmt lögnum er matinu ætlað eftirfarandi:

- A. Veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.
- B. Tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár skóla.
- C. Auka gæði náms og stuðla að umbótum.
- D. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu samkvæmt lögum.

Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hafi verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og þarf að vera langtímamiðað.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Menntamálaráðuneytið sér um að framkvæma úttekt á sjálfsmati hvers skóla á fimm ára fresti. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Með stjálfsmatinu er starfsfólki skólans skapaður vettvangur til að auðvelda vinnu að umbótum og upplýsa yfirvöld og almenning um starfið.

2.2 Aðferðafræði sjálfsmatsins

Í Auðarskóla er lögð áhersla á að innra starf skólans sé metið með kerfisbundnum hætti með virkri þátttöku nemenda, foreldra og starfsmanna eftir því sem við á.

Sjálfsmat Auðarskóla er að jafnaði byggt á blandaðri aðferðafræði, þ.e byggt á eigindlegri og megindlegri aðferðafræði. Við gagnaöflun er mikil áhersla lögð á að sjálfsmatið byggi á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Við gagnaöflun í sjálfsmatsferlinu er gert ráð fyrir því ,eftir því hvaða matsþættir eiga í hlut, að þróunarstjórn geti að hluta nýtt sér gögn úr ytra mati, s.s. niðurstöður samræmdra prófa,

mætingaskráningar og önnur opinber og skráð gögn. Skólinn mun þó einnig meta starf sitt með öðrum hætti og afla gagna á eigin hátt, m.a. með viðhorfskönnunum sem ná til allra aðila er tengjast starfsemi skólans. Tvisvar sinnum á hverjum vetri eru lagðar fyrir kannanir fyrir foreldra, starfsfólk og nemendur eftir atvikum. Allt starfsfólk skólans fer í starfsmannaviðtöl hjá stjórnendum skólans og eru starfsmannaviðtölin tengd sjálfsmatspáttum skólans hverju sinni. Aðferðarfræðin byggir á nokkrum þrepum, sem fylgt er við sjálfsmatið og úrvinnslu þess.

- A) Fyrst setur skólinn sér stefnu og markmið í skólastarfinu sem taka mið af framtíðarsýn og hlutverki hans.
- B) Næst eru settir upp mælikvarðar (mælitæki) til að mæla hvernig skólanum gangi að ná settum markmiðum og útbúnaður eru grunnspurningar sem ætlað er að fá svör við í sjálfsmatinu.
- C) Þá fer fram mat á hinum ýmsu þáttum skólastarfsins samkvæmt 5 ára sjálfsmatsáætlun, með tilheyrandi gagnaöflun.
- D) Eftir að mælingar, hverju sinni, á tilteknum þáttum hafa farið fram er í kjölfarið unnið að aðgerðum til að bæta skólastarfið og er þá byggt á greiningum á veikum og sterkum hliðum skólastarfsins.
- E) Að lokum eru sett ný markmið, mælikvarðar endurskoðaðir og mælingar endurteknar.

2.3 Viðmið um árangur

Skólinn hefur sett sér viðmið, sem notuð eru til að greina árangur í skólastarfinu. Viðmiðin eiga að hjálpa skólasamfélaginu til að forgangsraða umbótum í kjölfar niðurstaðna úr spurningalistum. Viðmiðin eru eftirfarandi:

Góður árangur: Alls þurfa minnst 80% svarenda að merkja við besta kost eða næstbesta kost og innan við 10 % merkja við versta kost. Ekki er þörf á umbótum.

Viðunandi árangur: Alls þurfa minnst 70 % svarenda að merkja við besta eða næstbesta kost og innan við 10 % að merkja við næstversta eða versta kost. Ekki er þörf á umbótum.

Viðunandi árangur: Alls merkja 60 % við besta eða næstbesta kost og innan við 5 % merkja við næstversta kost og enginn við versta kost. Ekki þörf er á umbótum.

Óviðunandi árangur: Ef minna en 60 % svarenda merkja við besta eða næstbesta kost er þörf á umbótum.

Óviðunandi árangur: Ef 10 % svarenda eða fleiri merkja við versta kost er þörf á umbótum.

Óviðunandi árangur: Ef 15 % svarenda eða fleiri merkja við næstversta eða versta kost er þörf á umbótum.

3. 4. Sjálfsmatsáætlun Auðarskóla

Sjálfsmatsáætlun Auðarskóla nær yfir fimm ár. Við gerð áætlunarinnar var leitað til alls starfsfólks Auðarskóla. Starfsfólkið forgangsraðaði þeim þáttum sem þeim fannst mikilvægast að meta. Almennst er áætlað að mæla tvö til þrjú viðfangsefni á hverju skólaári ásamt endurmati á þáttum í kjölfar umbóta, sem framkvæmdar hafa verið í kjölfar fyrri matsniðurstaðna.

Viðfangsefni sjálfsmats	2010-2011	2011-2012	2012-2013	2013-2014	2014-2015
Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf.	V				
Starfsfólk líðan, þarfir, starfsandi og samstarf.	V				
Skólanámskrá.		V			
Starfsskipulag.		V			
Nám og námsárangur / Leikur			O		
Aðbúnaður			O		
Samstarf heimila og skóla.				X	
Viðmót og menning.				X	
Ytri tengsl.				X	
Starfsáætlun.					X
Stjórnun.					X
Umbótaaðgerðir og þróunarstarf.					X

(V táknar að mati sé lokið samkvæmt áætlun, O táknar þætti í mati og X ólokna matsþætti)

1.5 Framkvæmdaáætlun 2011 – 2012

Próunarstjórnin starfaði samkvæmt ákveðinni áætlun um framkvæmd sjálfsmatsins fyrir skólaárið 2011 – 2012. Áætlunin var endurgerð í nóvember 2011 og fylgir sú útgáfa hér að neðan.

Viðfangsefni sjálfsmats	Tími/viðfangsefni sjálfsmats	Framkvæmd/ úrvinnsla	Kynning og umbótaáætlun	Skýrslu-skil
Skólanámskrá Skipulag skólastarfs	Febrúar – mars 2012	Apríl – júní 2012	Kynning í júní 2012 Umbótaáætlun frá 2011 kynnt í janúar 2012	Ágúst 2012
Skólaþing (Ytra mat á stjórnun, sjálfsmati og kennslu.)	Mars 2012 ? Mars	Apríl ? April	Á fundum	Fyrir skólalok

Áætlunin frá því í nóvember gerði ráð fyrir að báðir matsþættir yrðu metnir eftir áramót í stað þess að hafa þá aðskilda og taka annan fyrir áramót. Ástæða þessa var skyndilegt álag í skólanum í kjölfar þess að samræmd könnunarpróf í 10. bekk komu afar illa út í Auðarskóla á landsvísu. Því varð ekkert úr mati haustið 2011.

Til að hlusta eftir röddum samfélagsins var ákveðið að halda skólaþing og ráða til verksins sérfræðing. Sú vinna gaf yfirgripsmiklar upplýsingar, sem nýttist í mati skólans.

Í desember 2011 bauðst Auðarskóla að taka þátt í ytramati í grunnskóladeild, sem verið var að prófa til reynslu af hálfu Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Skólinn þáði boðið og voru metnir þrír þættir í skólanum; stjórnun, innra mat og kennsla.

Af ofangreindu er ljóst að afar mikil matsvinna fór fram á fyrstu mánuðum ársins og yfirgripsmiklar upplýsingar liggja nú fyrir um starfsemi skólans og þá sérstaklega grunnskóladeildina.

3. Matið skólaárið 2011 – 2012

Í þessum kafla verða birtar niðurstöður úr gagnaöflun þróunarstjórnar skólaárið 2011 – 2012. Einnig eru birtar niðurstöður frá skólaþingi, samantekt skólastjóra úr starfsmannaviðtölum, SVÓT greining starfsfólks.

Við birtingu á niðurstöðum fylgir ekki umfjöllun en bent er á kvarða skólans varðandi hvað telst góður eða slæmur árangur.

3.1 Námskrá og skipulag skólastarfs


Spurningalistar voru unnir af þróunarstjórn. Við vinnuna var m.a. stuðst við spurningalista frá öðrum skólum og voru opinberir á netinu. Spurningalistarnir byggja á sýn skólans og meginmarkmiðum annarsvegar og hinsvegar á lögum um skólastarf og aðalnámskrá.

Þróunarstjórn vann sjálf handvirkt úr spurningalistum og var vinnan alltaf minnst tvítekin, til að tryggja sem minnsta skekkju í vinnslu upplýsinga. Þegar upplýsingar lágu fyrir voru niðurstöðurnar settar upp í línurit og kynntar öllum starfsmönnum skólans á fundi. Þróunarstjórn setti myndritin þannig upp að litir sýndu árangur og hægt væri að sjá á auðveldan hátt, með því að skoða myndina, hvort um góðan, viðunandi eða óviðunandi árangur var að ræða. Rauðir litir túlka slæman árangur en grænir litir góðan árangur. Guli liturinn er hlutlaus.


3.2. Niðurstöður úr spurningalistum

3.2.1 Foreldrar barna í grunnskóla: Foreldrar fengu spurningalistann afhendan í foreldraviðtali á foreldradegi í febrúar. Var hafður sami háttur á og þegar spurt var um líðan nemenda þannig að ef foreldrar áttu tvö eða fleiri börn fengu þeir lista afhentan við hvert viðtal, þannig að foreldrar gátu svarað listanum mismunandi eftir því hvaða barn átti í hlut. Var það gert þar sem nú voru foreldrar beðnir um að merkja sérstaklega við það aldursstig sem þeir áttu umrætt barn á. Foreldrar svöruðu spurningalistanum á staðnum. Alls bárust 69 svör af 95, sem er 73 % svörun.


1. Hefur þú kynnt þér námskrá barna þinna ?




2. Hversu mikinn áhuga hefur þú á að kynna þér námskrá barns þíns ?




3. Hversu mikið telur þú starfssemi skólans sé samkvæmt námskrá ?




4. (a) Hversu mikið hefur þú kynnt þér stefnu og sýn skólans ?




4. (b) Hversu mikið hefur þú kynnt þér eineltisáætlun ?




4. (c) Hversu mikið hefur þú kynnt þér skólareglur ?




4. (d) Hversu mikið hefur þú kynnt þér viðbrögð við áföllum ?




4. (e) Hversu mikið hefur þú kynnt þér viðbrögð við ófærð og óveðri ?




4. (f) Hversu mikið hefur þú kynnt þér reglur um skólaakstur ?




4. (g) Hversu mikið hefur þú kynnt þér viðmiðunarstundarskrá ?




4. (h) Hversu mikið hefur þú kynnt þér markmið mótuneytisins ?




4. (j) Hversu mikið hefur þú kynnt þér efni um félagsstarf ?




4. (l) Hversu mikið hefur þú kynnt þér efni um gæslu ?




4. (m) Hversu mikið hefur þú kynnt þér sjálfsmat skólans ?




5. Hefðir þú áhuga á að tekið væri upp minnst tveggja daga vetrarfrí ?




6. Hefðir þú áhuga á að einnig sé foreldraviðtöl í lok vorannar ?




7. Hefðir þú áhuga á stuttri kynningu á eftirfarandi ?




8. Mötuneyti Auðarskóla býður upp á hollar og fjölbreyttar máltíðir.







3.2.2 Foreldrar barna í leikskóla: Foreldrar fengu spurningalistann afhentan þegar þeir sóttu börn sín og fór afhendingin fram í febrúar. Var hafður sami háttur á og þegar spurt var um líðan nemenda þannig að ef foreldrar áttu tvö eða fleiri börn fengu þeir lista afhentan við hvert viðtal, þannig að foreldrar gátu svarað listanum mismunandi eftir því hvaða barn átti í hlut. Sumir foreldrar svöruðu spurningalistanum á staðnum en aðrir tóku hann með sér heim og skiluðu síðar. Listar til foreldra sem áttu leikskólabörn í skólaakstri voru sendir þeim.




2. Hversu mikið telur þú að námskrá leikskólans sé samkvæmt námskrá ?




3. (a) Hversu mikið hefur þú kynnt þér stefnu og sýn skólans ?




3. (b) Hversu mikið hefur þú kynnt þér viðbrögð við áföllum ?




3. (c) Hversu mikið hefur þú kynnt þér viðbrögð við ófærð og óveðri ?




3. (d) Hversu mikið hefur þú kynnt þér reglur um skólaakstur ?




3. (e) Hversu mikið hefur þú kynnt þér verlagsreglur leikskólans ?




3. (f) Hversu mikið hefur þú kynnt þér markmið mótuneytisins ?




3. (g) Hversu mikið hefur þú kynnt þér skóladagatal ?




3. (h) Hversu mikið hefur þú kynnt þér reglur um aðlögun ?




3. (i) Hversu mikið hefur þú kynnt þér reglur um útiveru ?




3. (j) Hversu mikið hefur þú kynnt þér dagskipulag leikskólans ?




3. (l) Hversu mikið hefur þú kynnt þér samvinnu leik- og grunnskóla ?




4. Telur þú mikilvægt að höfð séu foreldraviðtöl tvisvar á ári ?




5. Hversu oft finnst þér að börnin á leikskólanum eigi að fara út ?




6. Kynnir þú þér reglulega hvað er á boðstólnum hjá mótuneyti Auðarskóla ?




7. (a) Hversu mikið veist þú um val og hópastarf ?





7. (b) Hversu mikið veist þú um frjálsan leik ?




7. (c) Hversu mikið veist þú um þemavinnu ?




3.2.3 Starfsmenn Auðarskóla: Starfsmönnum var afhentur spurningalisti í mars og þeir beðnir að svara honum og setja svo í kassa á kaffistofum. Ítrekað var nokkrum sinnum að starfsmenn skiluðu inn listum. Að þessu sinni voru efnisþættir þess eðlis að rétt þótti að hafa ekki alveg sömu spurningarnar fyrir alla. Allir starfsmenn svöruðu þó fyrsta hluta listans og svo svöruðu kennarar ákveðnum hluta til viðbótar og starfsfólk á leikskóla enn öðrum hluta.




3. Hefðir þú áhuga á að tekið væri upp minnst tveggja daga vetrarfrí í grunnskóladeildinni ?




4. (b) Hversu mikið hefur kynnt þér skólareglur ?




4. (c) Hversu mikið hefur þú kynnt þér viðbrögð við áföllum ?




4. (d) Hversu mikið hefur þú kynnt þér viðbrögð við ófærð og óveðri ?




4. (e) Hversu mikið hefur þú kynnt þér reglur um skólaakstur ?




4. (f) Hversu mikið hefur þú kynnt þér markmið mótuneytis ?




4. (g) Hversu mikið hefur þú kynnt skóladagatalið ?




4. (h) Hversu mikið hefur þú kynnt þér sjálfsmat skólans ?




5. Hversu mikið telur þú að starfssemi skólans sé samkvæmt námskrá ?




6. Hversu mikil endurmenntun á að vera á starfsdögum ?



7. Hversu mikið/lítið á að vera af skipulögðum minni fundum ?




8. Hversu ánægð/ur ertu með skipulag á sérfræðipjónustu skólans ?




Bara kennarar


9. Hversu mikil er samfella almennt í námsgreinum í námskrá skólans ?




10. Hefðir þú áhuga á að einnig séu foreldraviðtöl í lok vorannar ?




11. Hvernig finnst þér ganga það fyrirkomulag að nemendur í tónlistarnámi séu teknir úr tíma ?




12. Hvaða áhrif hefur tónlistarnám nemenda á skólatíma á námsárangur þeirra ?



13. Hvernig styður bókakostur á skólabókasafninu við kennslu þína ?




14. Hver er afstaða þín gagnvart heimanámi ?




Bara starfsfólk á leikskóla


15. Hversu mikið ætti að blanda starfsfólki á milli deilda í leikskólanum ?



16. Hversu oft eiga foreldraviðtöl að vera í leikskólanum ?



17. Hvernig gengur starfsskipulagið sem nú er á daglegu starfi leikskólans ?



3.3 SVÓT greining

Starfsfólk vann SVÓT greiningu í júní 2014 úr öllum niðurstöðum kannananna. Hér koma niðurstöður úr þeirri greiningu:

Styrkleikar

- Að sýn og stefna skólans er þekkt
- Að foreldrar þekkja eineltisáætlun skólans (miðstig).
- Að margir þekkja skólareglur.
- Að skóladagatalið er þekkt.
- Að foreldrar (miðstig) þekkja viðmiðunarstundaskrá.
- Að allir eru sammála um að vera ekki með vetrarfrí.
- Starfsfólk er vel með á nótunum; kynnir sér vel, starfsáætlun, námskrá, reglur, sýn og stefnu.
- Foreldrar og kennarar eru jákvæðir gagnvart heimanámi.
- Foreldrar treysta skólanum varðandi námskrá.
- Jákvæðni út í mötuneytið.
- Starfsfólkið virðist gagnrýnið á eigin störf.
- Helmingur starfsfólks telur endurmenntun vera hæfilega.
- Góð samfella í námsgreinum.
- Kennsla samkvæmt námskrá.
- Flestir telja að mötuneytið bjóði upp á hollan og fjölbreyttan mat.
- Foreldrar virðast treysta starfinu í leikskólanum.
- Foreldrar þekkja dagkipulagið í leikskólanum vel.
- Foreldrar þekkja vel reglur um aðlögun í leikskólanum.
- Foreldrar vilja að börnin séu tvisvar úti á dag.
- Áhugi er á samvinnu leik- og grunnskóla.

Veikleikar

- Að starfsmenn hafa ekki allir kynnt sér skólareglur.
- Að ekki þekki allir sýn og stefnu skólans.
- Of margir hafa ekki kynnt sér starfsáætlun skólans.

- Að það vantar upplýsingar um viðbrögð við óveðri.
- Að of fáir hafa kynnt sér sjálfsmat skólans.
- Að kynna þarf markmið mötuneytisins.
- Að tónlistarkennsla kemur niður á námi (starfsfólk/foreldrar misræmi)
- Athuga að styrkja bókasafnið.
- Kynna reglur um gæslu og viðbrögð við áföllum.
- Of fáir hafa kynnt sér námskrá skólans.
- Of fáir hafa kynnt sér eineltisáætlun skólans.
- Minna en 50 % foreldra hefur ekki kynnt sér frjálsan leik, val og hópastarf á leikskóla.

Ógnanir

- Starfsfólk og foreldrar þekkja ekki viðbrögð við áföllum.
- Hvernig bregðumst á við ef nemendur verða veðurtepptir ?
- Sumir nemendur eru mikið í tónlist og missa úr námi.
- Börn eru tekin úr kennslustundum í tónlist.
- Matseðlar standast ekki of oft.
- Ákveðið áhugaleysi foreldra á að kynna sér upplýsingar um skólann.

Tækifæri

- Kynna skólareglur til 9%.
- Kynna sýn skólans.
- Stofna áfallateymi.
- Halda sig vð skóladagatalið eða gera breytingar með góðum fyrirvara ef þarf.
- Fækka atriðum í skóladagatali að hausti.
- Setja nákvæmara dagatal fyrir hvern mánuð.
- Foreldrar óska eftir aðstoð við heimanám
- Skipuleggja tónlistarkennslu.
- Kanna betur foreldraviðtöl við lok vorannar.
- Skrá bókasafn og gera auðleitanlegra.

- Kenna tónlist eftir skólatíma.
- Setja tónfræði á stundatöflu.
- Útfæra heimanám í samráði við foreldra.
- Foreldrar hafa kynnt sér námskrá barna sinna og hafa áhuga á henni.
- Foreldrar hafa áhuga á kynningum ýmiskonar.
- Um helmingur starfsfólks vill meiri endurmenntun á starfsdögum.
- Efla umræðu/kynningu á eineltisáætlun.
- Allir ættu að þekkja reglur um skólabílaakstur þar sem allir fara í skólabíl í íþróttir.
- Að matseðlar standist betur.
- Vinna meira með börn úti í leikskólanum; útikennsla.
- Auka samvinnu leik- og grunnskóla.

4 Umbótaáætlanir

Í upphafi árs 2012 gerðu starfsmenn umbótaáætlanir í kjölfar úrvinnslu SVOT greiningar. Markmiðið var að bæta líðan í skólanum. Umbótaáætlanirnar eru tvær; annarsvegar fyrir grunnskólann og hinsvegar fyrir leikskólann.

4.1 Umbótaáætlun fyrir grunnskóladeild

Starfsmenn lögðu áherslu á að vinna með þrjá þætti; líðan, hrós og aga.

Agi: Markmiðið er að bæta líðan. Til þess að ná því markmiði hyggst skólinn

- a. Auka upplýsingastreymi um nemendur til starfsmanna.
- b. Greina rætur vanlíðunar.
- c. Styrkja og nota bekkjarfundi.
- d. Bæta eftirlit í búningsherbergjum.
- e. Auka ábyrgð nemenda á námi.
- f. Taka upp nemendaviðtöl.
- g. Nám við hæfi.
- h. Vinna að umbótum í lotum.

Unnið verður í tveimur lotum: Fyrri lota verður frá 23. jan – 1. maí og seinni lota verður frá 10. sept. - 12. nóv. Eftirfarandi úrræðum og áherslum verður m.a. beitt á tímabilinu:

1. Grunnupplýsingar um greiningar nemenda settar á nemendaspjald í Mentor.
Haldinn upplýsingafundur fyrir starfsfólk um nemendur með greiningar.
2. Með auknum nemendaviðtölum ætti greining á orsök vanlíðunar að batna.
3. Umsjónarkennarar setja upp dagsetta áætlun um bekkjarfundi til vors 2012 og senda skólastjóra og foreldrum.
4. Auka áætlunargerð nemenda og val í sínu námi. Slíkt er t.d. hægt að ræða í nemendaviðtölum.
5. Umsjónarkennarar setji niður dagsett viðtöl á nemendur og skili foreldrum og skólastjóra.
6. Nám við hæfi á að verða auðveldara með aukinni ábyrgð nemenda á eigin námi.

Hrós: Markmiðið er að auka hrós.

- a. Kenna nemendum að hrósa og hvernig eigi að taka hrósi.

- b. Auka meðvitund starfsmanna um að hrósa hverjum öðrum og nemendum.

Verkefnið fellur með lotum í líðan.

1. Nota má lífsleiknitíma, bekkjarfundi og nemendaviðtöl til að koma markvist fram hrósi og til að ræða um hrós og kenna það.
2. Skólinn stendur fyrir námskeiði fyrir starfsmenn um hrós.

Agi: Markmiðið er að auka aga og sjálfsábyrgð í námi.

- a. Að auka sjálfsábyrgð í námi – fellur með áætlun um bætta líðan.
- b. Að auka frelsi nemenda.
- c. Að auka ábyrgð nemenda á hegðun
- d. Að styrkja foreldrasamstarf.
- e. Að umhverfi nemenda sé skýrt – skýrar reglur, skyldur og kröfur.

Gengið er út frá því að bætt líðan og aukið hrós leiði m.a. til betri aga.

1. Kennarar leita leiða í skipulagi náms til að auka val nemenda að námsmarkmiðum.
2. Að tryggja hlutdeild nemenda í setningu reglna, t.d. með bekkjarreglum.
3. Að styrkja foreldrasamstarfið með t.d. notkun samskiptatorgs á Mentor.
4. Að halda vel utan um skráningar agabrota.

Upphaf aðgerða(dags.) 23.01.12 Dagsett lok umbóta 12.11.12

Viðmið um árangur: Að fleiri nemendum líði vel en 2010

Hvenær árangursmælt ? Um annaskipti í nóvember 2012

4.2 Umbótaáætlun fyrir leikskóladeild

Starfsmenn lögðu áherslu á að vinna með þrjá þætti; líðan, hrós og aga.

Líðan: Markmiðið er að börnum og starfsfólki líði vel í leikskólanum.

Bregðast við og samræma aðgerðir að bættri líðan. Dreifa álagi á milli starfsfólks þegar álag verður mismunandi. Sérstaklega verður lögð áhersla á að minnka hávaða þar sem hávaði er m.a. orsök vanlíðunar:

1. Setja þarf upp gardínur á deildirnar
2. Hengja verk barna og fl. á vegg og í loft.
3. Virkt eftirlit – vera alltaf innan um börnin en ekki hjá eða til hliðar.
4. Nota umbunarkerfi t.d. á mátarmálstíma.

5. Nota hávaðaljós og mæli.
6. Breyting á skipulagi valsins.

Árangursmæling: Reynt verður að mæla reglulega hávaða með hávaðamæli.

Hrós: Marmiðið er að styrkja sjálfsmynd barna og starfsfólks.

Dreifa hrósi markvisst í hæfilegum skömmun þegar það á við - strax.

Agi: Markmiðið er að ná fram æskilegri hegðun, börnin læri að virða sig sjálf og aðra.

1. Samræma aðgerðir, kenna mun á réttu og röngu.
2. Sýna viðbrögð strax og fylgja eftir. Passa okkur á að standa við orð okkar – samræma.

Upphaf aðgerða(dags.): Febrúar 2012 Dagsett mat á framvindu: Skoðað á starfsmannafundi í mars. Dagsett lok umbóta: Í lok maí 2012.

5 Ytra mat

Sérstök skýrsla um ytra matið í grunnskóladeildinni sem gefin var út af úttektaraðilum í apríl er aðgengileg á vefsíðu skólans (sjá eftirfarandi slóð):

http://www.audarskoli.is/uploads/6/4/1/9/6419647/matsskrsla_audarskli_v6.pdf

Ekki verður skýrslan því rakin hér en í tengslum við innra matið er rétt að birta hér í heild sinni tvo kafla úr skýrslunni; úttektina á innra matinu og greiningahluta skýrslunar.

5.1 Úttekt á innra mati í Auðarskóla

Í sjálfsmatsáætlun Auðarskóla segir að lögð sé áhersla á að innra starf skólans sé metið með kerfisbundnum hætti með virkri þátttöku nemenda, foreldra og starfsmanna eftir því sem við á. Með sjálfsmatinu sé starfsfólki skólans skapaður vettvangur til að auðvelda vinnu að umbótum og upplýsa yfirvöld og almenning um starfið. Einnig er vísað til laga um grunn- og leikskóla varðandi markmið og tilgang sjálfsmats (Lög um grunnskóla nr. 91/2008, Lög um leikskóla nr. 90/2008). Þar sem Auðarskóli starfar bæði á leik- og grunnskólastigi nær sjálfsmatið bæði til grunn- og leikskóladeilda. Upplýsingar fléttast því nokkuð saman og allt starfsfólk stofnunarinnar tekur saman þátt í viðhorfakönnun og úrvinnslu niðurstaðna. Umbótaáætlanir eru síðan gerðar fyrir sitt hvora deildina.

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi.

Eins og áður hefur komið fram hefur Auðarskóli ekki gert hefðbundna skólanámskrá í því formi sem kveðið hefur verið á um í aðalnámskrá grunnskóla um nokkurt skeið og ítarlega er lýst í 12. kafla aðalnámskrár grunnskóla 2011 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Þar er til dæmis ekki að finna umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Um þetta er þó greinargóð umfjöllun í sjálfsmatsáætlun skólans fyrir tímabilið 2010-2015 sem og í sjálfsmatsskýrslu skólans og er því auðvelt að átta sig á aðferðafræði og gagnaöflunarleiðum skólans í innra mati.

Langtímaáætlun skólans er greinargóð og sýnir fram á að skólinn leggur áherslu á að meta alla helstu þætti skólastarfsins. Sömuleiðis liggur fyrir nánar útfærð áætlun um innra mat fyrir yfirstandandi skólaár. Í öllum gögnum um innra mat kemur fram hverjir bera ábyrgð á matinu en það er á höndum þróunarstjórnar skólans sem skipuð er skólastjóra, tveimur grunnskólakennurum og deildarstjóra á leikskóla.

Mat á árangri nemenda fer reglulega fram en skólinn hefur ekki tekið upp mat á kennslu og fagmennsku kennara, til dæmis með mati skólustjóra á kennslu, jafningjamati kennara eða mati á nýjungum í kennsluháttum. Miðað við skólaheimsókn er mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttur ekki mjög sýnilegur liður í daglegu starfi þeirra. Samkvæmt upplýsingum er þetta þó fastur liður í tengslum við árleg starfsmannaviðtöl en þar eru allir starfsmenn meðal annars beðnir að ígrunda vinnu sína.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir:

- Greinargóð langtímaáætlun fram til ársins 2015 liggur fyrir og þar er gert ráð fyrir mati á öllum helstu þáttum skólastarfsins. Sömuleiðis liggur fyrir áætlun fyrir yfirstandandi skólaár.
- Skólinn hugar að reglulegu mati á framförum og árangri nemenda með ýmsum aðferðum.
- Til er umfjöllun um þær leiðir sem skólinn notar við mat á innra starfi en þessa umfjöllun þarf að birta í skólanámskrá.
- Innleiða ætti mat á kennslu og fagmennsku kennara ásamt því að leitast við að gera mat og ígrundun starfsmanna á eigin starfsháttum að lið í daglegu starfi þeirra.

Innra mat er markmiðsbundið.

Innra mat Auðarskóla er að flestu leyti mjög vel skipulagt og útfært en þó er erfitt að sjá hvernig helstu markmið skólans eru metin. Það stafar að hluta til af því að skólanámskrá hefur ekki verið gerð samkvæmt hefðbundnu formi en þar skal meðal annars birta upplýsingar um markmið skólans í námi samkvæmt ákvæðum nýrrar aðalnámskrár (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Þetta gerir það að verkum að ekki er heldur hægt að leggja mat á hvort öll markmið skólanámskrár séu metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti en ljóst er þó að innra mat tekur á mjög mörgum þáttum. Á sama hátt er torvelt að sjá að innra matið meti leiðir, svo sem verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferla, sem notaðar eru til að ná markmiðum skólans.

Ekki eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að í tengslum við hvert markmið en skólinn hefur sett sér almenn viðmið um árangur sem notuð eru við greiningu á niðurstöðum innra mats. Í greinargerð um innra mat er síðan fjallað um þann árangur sem hefur náðst en sú umfjöllun er ekki tengd markmiðum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skólinn hefur sett sér viðmið sem notuð eru til að greina árangur í skólastarfinu og í greinargerð um innra mat er fjallað um þann árangur sem náðst hefur.
- Nokkuð vantar á að innra mat sé tengt skilgreindum, opinberum markmiðum skólans og að þau og leiðir að markmiðum séu metin.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum.

Sjálfsmat Auðarskóla er byggt á blandaðri aðferðafræði, bæði eigindlegri og meginlegri. Gagnaöflunarleiðir þær sem skólinn notar eru bæði fjölbreyttar og hæfa viðfangsefnum og spurningum sem varpað er fram í innra mati. Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati, svo sem samræmdum prófum, niðurstöðum PISA, mætingarskráningar og önnur opinber og skráð gögn.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í innra mat Auðarskóla er stuðst við fjölbreyttar gagnaöflunarleiðir sem hæfa viðfangsefnum vel. Einnig eru niðurstöður úr ytra mati nýttar í innra matið.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Allir starfsmenn Auðarskóla eru markvisst virkjaðir í samræðum um áherslur og forgangsörðun í innra mati. Foreldrar og nemendur hafa á hinn bóginn ekki haft aðkomu að þeirri vinnu. Sömuleiðis hafa þeir í núverandi fyrirkomulagi ekki möguleika á að hafa áhrif á skipulag og framkvæmd matsins þar sem þeim hefur til dæmis ekki verið boðið að eiga fulltrúa í matsteymi. Skólaráð hefur heldur ekki komið að undirbúningi og forgangsörðun í innra mati. Við gagnaöflun er þess þó vandlega gætt að leita eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á.

Unnið er úr niðurstöðum innra mats á mjög skemmtilegan og markvissan hátt og það er gert reglulega. Vinnan hefur farið þannig fram að starfsmenn leik- og grunnskóladeildar hafa unnið saman við að greina styrkleika og veikleika, ógnir og tækifæri skólans út frá niðurstöðum innra matsins. Út frá þeirri vinnu hafa síðan umbótaáætlanir verið gerðar. Foreldrar- og nemendur hafa þó ekki haft aðkomu að forgangsörðun umbóta og þróunar í kjölfar niðurstaðna.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Vel er staðið að gagnaöflun í innra mati Auðarskóla.
- Unnið er úr niðurstöðum innra mats á athyglisverðan hátt þar sem allir starfsmenn eru virkjaðir í þeirri vinnu sem og vinnu við að ákveða forgangsörðun og áherslur.
- Betur mætti gera í að virkja foreldra og nemendur í undirbúningi innra mats sem og í útfærslu umbóta og þróunarstarfs.

Innra mat er opinbert

Hagsmunaaðilar eiga auðvelt með að nálgast greinargerðir sem lýsa framkvæmd innra mats og helstu niðurstöðum þess en þessi gögn er að finna á heimasíðu skólans. Umbótaáætlun er einnig að finna á heimasíðunni. Greinargerð um innra mat er skýrt fram sett og þar koma fram flestar grundvallar upplýsingar um matið. Hún inniheldur kafla þar sem skýrt er frá tilgangi matsins, aðferðum við framkvæmd og þátttakendum, viðmiðum, helstu niðurstöðum og styrkleikum og tækifærum til umbóta. Niðurstöður eru á engan hátt persónugreinanlegar. Einungis vantar kafla þar sem gerð er grein fyrir tengslum innra mats við stefnu skólans og markmið hans.

Umbótaáætlun er stutt og aðgengileg en þar er gerð grein fyrir markmiðum matsþáttar, aðgerðum til að ná markmiðum, mikilvægi hvers verkefnis, aðgerðum sem grípa á til, ábyrgðarmönnum, upphafi og lok aðgerða, viðmiðum um árangur og hvenær á að árangursmæla. Niðurstöður innra mats eru kynntar öllum helstu hagsmunaaðilum en miðað við niðurstöður rýnihópa mætti þó hugsanlega gera meira úr kynningu fyrir foreldrum og nemendum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Greinargerðir um innra mat eru skýrt fram settar, aðgengilegar á heimasíðu og þar koma fram allar helstu upplýsingar um matið.
- Niðurstöður hafa verið kynntar hagsmunaaðilum en ef til vill má gera betur í þeim efnum.
- Gera þarf grein fyrir tengslum innra mats við stefnu skólans.

Innra mat er umbótamiðað.

Við greiningu og úrvinnslu niðurstaðna úr innra mati Auðarskóla eru markvisst dregnir fram styrkleikar og tækifæri til umbóta. Fyrirliggjandi umbótaáætlun er einnig í fullu samræmi við niðurstöður matsins. Umbótaáætlunin er tímasett og þar eru skilgreindir ábyrgðaraðilar fyrir umbótum. Í henni eru einnig tilgreindar markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru. Fram kemur hvenær á að meta árangur hvers þáttar fyrir sig en ekki er tilgreint hvernig verður metið.

Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta er þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum er metin voru en slíkt er ekki gert nema um brýn málefni sé að ræða. Í rýnihópum og viðtölum kom með óyggjandi hætti fram að umbótum er kerfisbundið fylgt eftir. Starfsfólk þekkti dæmi um umbætur sem innra matið hafði leitt til en ekki foreldrar og nemendur. Hugsanlega má skýra það að einhverju leyti með því að innra mat var ekki framkvæmt í skólanum áður en núverandi skólastjóri kom til starfa. Það var þannig í fyrsta skipti útfært og framkvæmt skólaárið 2010/2011 og er núverandi umbótaáætlun í raun sú fyrsta sem unnið er eftir. Í rýnihópaviðtölum kom fram að umbótaáætlun hefur ekki verið borin undir skólaráð með formlegum hætti.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir:

- Umbótaáætlun er aðgengilega sett fram. Hún er tímasett og í fullu samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum og tilgreindar eru markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.
- Skýrt er hverjir bera ábyrgð á umbótum, hvenær á að meta árangur aðgerða og umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.
- Hluti hagsmunaaðila getur nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.
- Tilgreina þarf hvernig meta á árangur hvers þáttar í umbótaáætlun.
- Áætlanir um umbætur hafa ekki verið bornar undir skólaráð með formlegum hætti.

5.2 Greining úttektaraðila á starfinu í heild

Styrkleikar:

Í Auðarskóla er stemning fyrir þróun og nýbreytni og eru fyrirbyggjandi dæmi um vel heppnuð þróunarverkefni sem hafa fest sig í sessi. Einnig er skólinn að gera góða hluti í innleiðingu kennslu þar sem árgangar blandast saman og hafin er vinna með grunnþætti menntunar. Skólinn hefur tekið upp nemendaviðtöl sem reynst hafa vel. Skólinn er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli og nýta stjórnendur það markvisst til nýbreytni. Innra mat hefur verið tekið föstum tókum og gengur vel að innleiða það.

Veikleikar:

Eitthvað vantar upp á að skrásetja og birta allar áætlanir, verkferla og fleira sem til staðar þarf að vera í skólum. Bæta má markmiðssetningu í daglegu starfi og virkja nemendur og foreldra meira í henni. Samskipti við heimili má koma í fastari farveg og kennsluaðferðir mættu að ósekju vera fjölbreyttari. Að einhverju leyti er aðgengi skólans að stoðþjónustu lakara en hjá þeim skólum sem njóta þjónustu skólaskrifstofa en það birtist einna helst í skorti á stuðningi við starfsmenn.

Ögranir:

Mikilvægt er fyrir skólann að ná að útfæra fyrirkomulag íþróttakennslu þannig að náist að taka tillit til sem flestra sjónarmiða og álitamála. Þannig þarf að finna lausn sem lágmarkar akstur og inniheldur ásættanlegt jafnvægi milli þess að kenna íþróttir í sérbúnum íþróttasal og kennslu við aðrar aðstæður. Sumir nemendur Auðarskóla sitja lengi í skólabíl á degi hverjum og á þeim dögum sem ekið er aukalega í íþróttir eru sumir lengur í bíl en hámark reglugerðar gerir ráð fyrir.

Tækifæri:

Auðarskóli í þeirri mynd sem hann starfar í dag er ung stofnun sem er enn í mótun. Rekstarformið, það er samrekstur leik-, grunn- og tónlistarskóla býður upp á skemmtilega þróunarmöguleika sem stjórnendur hafa þegar nýtt sér að einhverju leyti. Vísbendingar eru um að sóknarfæri felist í að fylgjast enn markvissar með námsframvindu allra nemenda. Að því er best verður séð einkenna metnaður og framsýni störf stjórnenda sem innleitt hafa margar þarfar breytingar undanfarið. Starfsmannahópurinn er einnig metnaðarfullur og móttækilegur fyrir nýjungum.

6. Skólaþing

Eitt af því sem hefur vantað í Auðarskóla er vettvangur fyrir foreldra og aðila skólasamfélagsins til að ræða skólamál. Til að bæta úr þeirri þörf ákvað skólastjóri að boða til skólaþings í Dalabyggð. Til þess að stýra þessu verkefni var fengin Bryndís Á.

Böðvarsdóttir. Undirbjó hún þingið í samvinnu við skólastjóra og skólaráð.

Íbúar Dalabyggðar voru boðnir á skólaþing laugardaginn 24. mars frá kl. 10:00 til 12:00.

Áður en til þingsins kom hafði nemendum verið boðið upp á að koma með sínar hugmyndir og fór sú vinna fram í bekkjum undir stjórn umsjónarkennara. Nemendur í 5.-10. bekk skiluðu síðan inn sínum hugmyndum um hvað mætti efla og styrkja í skólastarfinu og voru þær sýnilegar á veggspjöldum á þinginu.

Tvær spurningar voru lagðar fyrir þátttakendur sem sátu í fjórum hópum og skapaðist góð umræða sem vonandi mun nýtast Dalabyggð vel í þróun skólastarfsins. Tillögur þátttakenda voru dregnar saman í eftirfarandi flokka.

1. Hverjir eru styrkleikar skólastarfsins í Dalabyggð? *(Hér voru 177 atriði nefnd)*

Samfélagið

Nám og kennsla

Nemendur

Starfsmenn

Heimilin

Félagsstarf

2. Hvað má bæta í skólastarfi Dalabyggðar og með hvaða hætti? *(Hér voru 153 atriði nefnd)*

Samfélagið

Nám og kennsla

Starfsmenn

Aðbúnaður og umhverfi

Skólaakstur

Upplýsingaflæði

Upplýsingar af skólaþinginu fengu síðar um vorið umræðu í starfsmannahópi Auðarskóla.

Þá má ætla að allar þessar upplýsingar komi sér vel þegar sveitarfélagið fer í það að móta sér skólastefnu. Upplýsingar og niðurstöður í heild liggja í skýrslu, sem aðgengileg er á vefsvæði Auðarskóla.

Lokaorð

Framangreind skýrsla varpar ljósi á það umfangsmikla mats- og endurbótarstarf sem fram fer í Auðarskóla. Skólaárið 2011 – 2012 má segja að hafi verið fyrsta skólaárið þar sem fram fór allt í senn; upplýsingaöflun vegna innra mats, ytra mat og vinna við umbótaáætlanir.

Vinnuferlar hafa nú mótast innan Auðarskóla þar sem innra matið hefur ákveðin farveg og umbætur í kjölfar þess eru að þróast í það að vera fastir liðir í starfinu. Þróunarstjórnin hefur unnið mikið og gott starf og voru fundir stjórnarinnar skólaárið 2011 – 2012 alls 18 talsins með vinnu við undirbúning og úrvinnslu þess á milli.

Þróunarstjórn Auðarskóla 2011 - 2012

Eyjólfur Sturlaugsson

Guðrún Kristinsdóttir

Herdís E. Gunnarsdóttir

Freyja Ólafsdóttir